

## **Reglur um uppsetningu ljósastaura í dreifbýli.**

### **1. gr.**

Sveitarstjórn Húnaþings vestra er skv. reglum þessum heimilt að annast uppsetningu, tengingu og rekstur tveggja ljósastaura við íbúðarhús í sveitarfélaginu með fastri búsetu eða íbúðarhús í sveitarfélaginu í eigu íbúa með lögheimili í Húnaþingi vestra, hafi samningur þar að lútandi verið undirritaður af fulltrúa sveitarfélagsins og eiganda umrædds íbúðarhúsnæðis.

### **2. gr.**

Allur búnaður v/ lýsingarinnar er eign Húnaþings vestra. Tenging rafmagns v/ lýsingarinnar skal vera innan við stofnvarskassa íbúðarhúss.

### **3. gr.**

Staðsetja skal ljósastaura við heimreið u.þ.b. 40 m frá íbúðarhúsi fyrri staur og u.þ.b. 80 m annar staur.

### **4. gr.**

Viðhald búnaðar er í umsjón Tæknideildar Húnaþings vestra. Öll vinna við tengingar skal unnin af fagmönnum með til þess bær réttindi.

### **5. gr.**

Sveitarfélagið endurgreiðir raforkukaupanda kostnað vegna lýsingar á grundvelli reynslutalna frá RARIK þ.e.a.s. ljós á birtuskynjara logar um 4200 stundir á ári. Uppgjör skal vera í nóvembarmánuði ár hvert og miðast það við gildandi verðskrá RARIK á hverjum tíma.

### **6. gr.**

Fari íbúðarhús úr fastri búsetu eða eigandi flytji lögheimili úr sveitarfélaginu falla endurgreiðslur niður.

### **7. gr.**

Eigandi íbúðarhúsnæðis skal tilkynna tæknideild Húnaþings vestra um bilanir á ljósastaurum og tilheyrandi búnaði. Tæknideild Húnaþings vestra skal skipuleggja reglubundnar eftirlitsferðir v/ ljósastaura og búnaðar. Eigandi íbúðarhúss ber ábyrgð á öllum búnaði sem settur er upp við íbúðarhús hans og er hann skaðabótaskyldur vegna tjóns sem á búnaðinum kann að verða.

### **8. gr.**

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um uppsetningu ljósastaura í dreifbýli sem samþykktar voru á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 6. maí 2009

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 14. júní 2012